

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
Sent rafrænt á: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 7. mars 2024.

Umsögn Fræðslu og forvarna (FRÆ) um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum varðandi aldursmörk; 154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 305 - 301. mál.

FRÆ - Fræðsla og forvarnir taka ekki heildarafstöðu til þess tilgangs með frumvarpinu að miða skuli öll aldurskilyrði laga við 18 ára aldur en félagið telur eðlilegt að fyrir liggi greining á forsendum mismunandi aldurskilyrða í einstaka tilvikum áður en tekin er ákvörðun um breytingar á þeim.

Félagið leggst hins vegar alfarið gegn þeim áformum sem fram koma í 1. og 2. grein frumvarpsins, enda fara þær saman. 2. grein frumvarpsins felur í sér að áfengiskaupaaldur verði lækkaður úr núverandi 20 árum í 18 ár.

Í umsögn um 1. og 2. grein frumvarpsins segir orðrétt: *Í 18. gr. laganna er kveðið á um að óheimilt sé að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Lagt er til að aldurskilyrði ákvæðisins verði breytt í 18 ára aldur, enda séu ekki málefnaleg rök fyrir því að takmarka sölu, veitingu eða afhendingu áfengis við 20 ára aldur. (leturbreytingar FRÆ).*

Þessari fullyrðingu hafnar félagið og bendir þvert á móti, meðal annars, á eftirfarandi málefnaleg rök fyrir því:

- WHO hefur bent á að samkvæmt 132 rannsóknum sem gerðar voru á árunum 1960-1999 komi fram sterkar vísbendingar um að lækkun áfengisaldurs leiði til aukinnar neyslu og umferðarslysa.
- Lækkunin getur haft í för með sér að enn yngra fólk eigi greiðari aðgang að áfengi og þá sérstaklega í framhaldsskólum. Lækkunin gæti leitt til meiri neyslu áfengis hjá börnum yngri en 16 ára. Rannsóknir bendi til þess að því fyrir sem fólk byrjar að neyta áfengis því meiri líkur eru á að neyslan verði skaðleg, bæði heilsufars- og félagslega.

Við bendum einnig á málefnaleg rök sem koma fram í skýrslu dómsmálaráðherra um áfengiskaupaaldur sem lögð var fram á **125. löggjafarþing 1999–2000 (Þskj. 1378-646. mál: <https://www.althingi.is/altext/125/s/1378.html>)**. Þar er meðal annars gerð grein fyrir áhrifum lækkunar áfengiskaupaaldurs í mörgum fylkjum Bandaríkjanna upp úr 1970, úr 21 ári í 18, 19 eða 20 ár. Rannsóknir sem gerðar voru til að fylgjast með áhrifum þessara aðgerða sýndu að aukning varð á dauðaslysum í kjölfarið vegna ölvunaraksturs. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir fóru fylkin smám saman að hækka áfengiskaupaaldurinn aftur upp í 21 ár. Árið 1988 höfðu öll 50 ríki Bandaríkjanna lögleitt 21 árs áfengiskaupaaldur. Að mati „The National Highway Traffic Safety Administration“ í Bandaríkjunum kemur þessi hækkun á aldri til áfengiskaupa í veg fyrir dauða 1.000 ungmenna á ári. Ástæðan er sú að eftir að áfengiskaupaaldurinn var hækkaður minnkaði áfengisneyslan í aldurshópnum 18–20 ára og þar af leiðandi fækkaði dauðaslysum í umferðinni. (Medical News & Perspectives, 1998, 17. hefti, 260 tbl.; Public Health Reports, 1994: Lower Legal Blood Alcohol Limits for Young Drivers, 109. tbl.).

*Þekking í þágu forvarna*

Í skýrslunni segir að ef svipuð reynsla verður af breytingum á áfengiskaupaaldri á Íslandi og verið hefur í Bandaríkjunum megi reikna með að lækkun áfengiskaupaaldurs muni kosta líf eins íslensks ungmennis á ári. Sé hlutfall slasaðra, öryrkja og látinna í umferðarslysum það sama hér og í Bandaríkjunum þýðir lækkunin að til viðbótar við afleiðingar annarra umferðarslysa mundu 60 ungmenni slasast og tvö verða öryrkjar, auk eins dauðsfalls. (Ólafur Hergill Oddsson: Breytum ekki áfengiskaupaaldri, Morgunblaðið, 17. mars 1998.) Tekið skal fram að forsendur í Bandaríkjunum og á Íslandi eru um margt ólíkar og breytingar á aldri þar í landi geta haft aðrar afleiðingar en hérlendis.

Í skýrslunni er sett fram sú niðurstaða að í fyrsta lagi megi búast við að alvarlegum bílslysum af völdum ungra ölvaðra öikumanna fjölgi. Í öðru lagi geti lækkun haft í för með sér að enn yngri aldurshópar eiga greiðari aðgang að áfengi. Í þriðja lagi geti lækkun áfengiskaupaaldurs haft í för með sér að unglingar byrja fyrr að drekka og vandamál tengd áfengisneyslu verða meiri. Í fjórða lagi megi áætla að lækkun áfengiskaupaaldurs gæti leitt til hærri tíðni sjálfsvíga ungs fólks. Í skýrslunni kemur einnig fram sú ábending að verði áfengiskaupaaldur lækkaður sé nauðsynlegt að auka forvarnir í víðtækum skilningi, auka eftirlit lögreglu og fylgja betur eftir viðurlögum við brotum á lögum um áfengiskaupaaldur en gert hefur verið hingað til.

FRÆ - Fræðsla og forvarnir benda einnig á málefnaleg rök gegn lækkun áfengiskaupaaldurs sem fram koma í athugasemdum Umboðsmanns barna til fjármálaráðuneytisins (dagsett 12. febrúar 2010) við skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á áfengisloggjöfinni <https://www.barn.is/frettir/skyrsla-starfshops-um-heildarendurskodun-a-afengisloggjofinni>. Þar segir meðal annars:

- Umboðsmaður barna vill benda á að takmörkun á heimild til þess að kaupa áfengi styðst við allt önnur rök en umrædd mannréttindi. Aldurstakmark á áfengiskaupum byggir meðal annars á sjónarmiðum um forvarnir og heilsu ungs fólks.
- Almennt verður að telja að takmörkun á aðgengi barna og ungmenna á áfengi sé til þess fallin að takmarka neyslu þeirra. Slíkt telur umboðsmaður barna æskilegt, ekki síst í ljósi þeirra skaðlegu afleiðinga sem áfengisneysla hefur á líkamlegan og andlegan þroska ungmenna.
- Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að því yngra sem fólk er þegar það byrjar að neyta áfengis því líklegra er það til að eiga við áfengisvandamál að stríða seinna á ævinni. Sömuleiðis benda rannsóknir til þess að lækkun áfengiskaupaaldurs geti haft í för með sér aukningu á banaslysum vegna ölvunaraksturs ungs fólks.
- Sú staðreynd að margir unglingar eru þegar byrjaðir að drekka við 18 ára aldur er að mati umboðsmanns barna ekki röksemd fyrir lækkun áfengiskaupaaldurs. Þvert á móti má ætla að lækkun muni hafa í för með sér að unglingar byrji enn fyrr að drekka. Algengast er að unglingar nálgist áfengi í gegnum félagasína. Má því leiða að því líkur að aðgengi 16 og 17 ára barna á áfengi myndi vera töluvert auðveldara ef þeim sem eru 18 ára og eldri verður gert heimilt að kaupa áfengi.
- Lækkun á áfengiskaupaaldri felur enn fremur í sér ákveðna stefnuyfirlýsingu um að áfengi sé ekki skaðlegt ungmennum og til þess fallið að hvetja til jákvæðari viðhorfa til unglíngadrykkju. Í ljósi ofangreindra sjónarmiða er ljóst að lækkun á áfengiskaupaaldri samræmist ekki hagsmunum barna. Umboðsmaður barna hvetur því til þess að áfengiskaupaaldurinn haldist óbreyttur.

Af þeim dæmum sem rakin eru hér að framan má ljóst vera að ekki er skortur á málefnalegum rökum gegn því að lækka núverandi áfengiskaupaaldur.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar FRÆ, Fræðslu og forvarna,



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri

*Þekking í þágu forvarna*